KYNNINGARBLAÐ

# Fréttapíp

Fréttarit Félags pípulagningameistara

Nr. 9 – JÚLÍ 2018

# Sögulegur Aðalfundur Félags pípu-lagningameistara 2018

## - Formannskosning í fyrsta sinn í meira en 20 ár





*Myndirnar að ofan. Til vinstri er Sigurður Ingvar Hannesson og til hægri er Böðvar Ingi Guðbjartsson, en þeir félagar buðu sig fram til formanns á Aðalfundinum. Nánar er fjallað um kosningarnar á bls. 2 og 3 í blaðinu. Á stærri myndunum að neðan má sjá fundarmenn Aðalfundarins sem fylgdust áhugasamir með. Mæting á Aðalfundinn var eins og venjulaga mjög góð.*

**Það ríkti mikil eftirvænting meðal fundarmanna sem mættir voru á Aðalfund Félags pípulagningameistara sem haldinn var í húsakynnum félagsins í Borgartúni 30, miðvikudaginn 18. apríl s.l.**
**Fyrir utan hefðbundin Aðalfundarstörf á 90 ára afmælisári félagsins var framundan kosning í embætti formanns. Sem þótti tíðindum sæta því meira en 20 ár eru síðan formannskosning var síðast hjá félaginu.**

Fundurinn hófst með því að Guðmundur Páll Ólafsson, formaður félagsins, steig í pontu og setti Aðalfundinn og bauð félaga hjartanlega velkomna. Hann gerði að tillögu sinni að Sigurður Ó. Sumarliðason yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Sigurður steig í pontu og tók við stjórn fundarins. Gengið var til dagskrár fundarins og var Guðmundur Páll Ólafsson fyrstur á mælendaskrá og fór yfir starfsemi félagsins á

*– Sjá framhald greinar á bls. 2&3.*







# Neytendavernd, lög um þjónustukaup og markaðssetning pípulagningastarfsemi

## - Daði Ólafsson lögfræðingur hjá Neytendastofu með erindi á félagsfundi FP

*Daði Ólafsson, lögfræðingur hjá Neytendastofu var gestur á félagsfundi FP.*

Daði Ólafsson, lögfræðingur hjá Neytendastofu var sérlegur gestur á árlegum Jólafundi Félags pípulagningameistara í nóvember á síðasta ári. Daði kom og flutti fróðlegt erindi um neytendavernd og markaðssetningu á pípulagningastarfsemi. Daði brýndi meðal annars fyrir félagsmönnum að kynna sér lög um þjónustukaup nr. 40/2002 sem gilda þegar pípulagningameistarar semja við einstaklinga.

*– Sjá framhald greinar á bls. 6&7.*





# Stjórn Félags pípulagninga-meistara 2018-2019

*Á myndinni hér til vinstri er stjórn Félags pípulagningameistara eins og hún er skipuð starfsárið 2018-2019. Talið f.v.: Ágúst Þór Gestsson, stjórnarmaður, Heimir Guðmundsson, varaformaður, Sigurður Ingvar Hannesson, formaður, Trausti Guðjónsson, gjaldkeri, Magnús Björn Bragason, ritari og Guðmundur Páll Ólafsson, varamaður.*

# Sögulegur Aðalfundur Félags pípulagningameistara 2018

– *Framhald greinar af forsíðu*

liðnu starfsári. Verður hér á eftir drepið á það helsta sem fram kom í máli Guðmundar.

Guðmundur byrjaði á því að tjá fundarmönnum að alls hefðu 16 nýir félagsmenn gengið í félagið á síðasta starfsári, auk þess sem einn eldri félagi snéri til baka. Bað Guðmundur nýja félaga sem staddir væru á fundinum að rísa úr sætum og voru þeir boðnir velkomnir í félagið með lófaklappi fundarmanna.

## Sex stjórnarfundir og margir óformlegir fundir

Alls hélt stjórnin 6 formlega fundi á starfsárinu, en auk þess sem margir óformlegir fundir og vinnufundir voru haldnir.

Einn félagsfundur var haldinn á árinu. Var hann haldinn samhliða árlegri Jólagleði félagsins í húsnæði Fóstbræðra á Langholtsvegi. Sérstakur gestur félagsfundarins var Daði Ólafsson, lögfræðingur hjá Neytendastofu (sjá umfjöllun og úrdrátt úr erindi Daða á forsíðu og á bls. 6 í blaðinu). Fjallaði Daði um neytendavernd, lög um þjón-ustukaup og markaðssetningu á pípulagningastarfsemi. Voru félagarnir afar áhugasamir um efni fyrirlestursins. Fékk Daði fjölmargar fyrirspurnir utan úr sal að loknu erindinu.

Eins og venja er til komu makar félagsmanna seinna um kvöldið og var snæddur margrétta kvöldverður með viðeigandi drykkjarföngum. Skemmtu allir sér konunglega langt frameftir kvöldi.

## Störf helstu nefnda sem voru virkar á starfsárinu

**Félagatalið** var að venju gefið út í ágætu samstarfi við Danfoss. **Gæða- og úrskurðar-nefnd** fékk nokkur mál inná borð til sín. Flest þessara mála voru tengd réttindalausum mönnum eða mönnum sem standa utan félagsins. Einnig komu inn á borð stjórnarinnar mál vegna okkar félagsmanna. Voru þau mál sem reyndust á rökum reist leyst af stjórn á farsælan hátt . **Erasmus skiptinemakerfið**. Ferð nokkurra meistara, þar á meðal formanns Félags pípulagningameistara og Fulltrúa Iðunnar til Kassel í Þýskalandi var fræðandi og skemmtileg. Kynntist hópurinn starfsemi Erasmus skiptinemakerfisins. Síðan kom hingað hópur frá Þýskalandi til að kynna sér aðstæður hérlendis. Óhætt er að hvetja félagsmenn FP til að kynna sér Erasmus kerfið. Hægt er að nálgast allar upplýsingar um Erasmus kerfið hjá skrifstofu Félags pípulagningameistara og einnig hjá Iðunni fræðslusetri. **Hús Félags pípulagningameistara** á Spáni er nú komið á sölu og og hafa félagsmenn forskaupsétt að



*Kampakátir að afloknum velheppnuðum Aðalfundi á 90 ára afmælisári Félags pípulagningameistara þar sem kosið var um formann í félaginu í fyrsta sinn í meira en 20 ár. Guðmundur Páll Ólafsson, fráfarandi formaður, (til vinstri á myndinni) afhendir ný-kjörnum formanni, Sigurði Ingvari Hannessyni, lyklavöldin að húsa-kynnum félagsins.*






húsinu, sem verðmetið er á 13,5-14,0 milljónir íslenskra króna. **Glæsileg 90 ára afmælishátíð** félagsins var haldin á Hótel Natura. Um 190 manns mættu á afmælishátíðina sem tókst í alla staði vel. Allir helstu birgjar okkar styrktu félagið með því að kaupa sæti inn á afmælishátíðina fyrir sína lykilstarfsmenn. Nánar verður fjallað um afmælishátíðina í veglegri 16 síðna afmælisútgáfu af Fréttapípi sem kemur út í september n.k.
Að lokum tjáði Guðmundur fundarmönnum að hann myndi ekki gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku í félaginu en vildi gefa kost á sér sem varamaður í stjórn.
Næstur kom í ræðustól Trausti Guðjónsson gjaldkeri félagsins og fór yfir reikninga félagsins og skýrslur nefnda, Styrktarsjóðs og rekstur sumarhúss félagsins á Spáni.
Sigurður kom upp og fór yfir fjárhagsáætlun félagsins fyrir næsta starfsár.
Næst var komið að kynningu Sigurðar Ingvars og Böðvars Inga til formannsframboðs félagsins. Voru þeir báðir stuttorðir og gagnorðir.
Að loknu kaffihléi var gengið til formannskosninga. (Sjá umfjöllun hér til hægri). Þá var gengið til kosninga í stjórn og nefndir.
Að því loknu var farið í liðinn önnur mál. Þar urðu fjörugar umræður. Meðal annars var mikið rætt um söluna á Sumarhúsi félagsins á Spáni og voru flestir samþykkir henni. Þá var rætt um kostnaðarlíkan félagsins sem stöðugt er uppfært og er góður stuðningur við starfsemi félagsmanna. Menntunarmálin voru töluvert rædd og vildu margir hefjast handa við að endurskoða núverandi fyrirkomulag. Loks var fundi slitið.

# Formannskosningin í framkvæmd

**Það ríkti mikill alvörublær yfir framkvæmd kosninganna til formanns Félags pípulagningameistara, fyrstu formannskosninga í meira en 20 ár. Allt fór vel fram undir styrkri stjórn Sigurðar Ó. Sumarliðasonar fundarstjóra og umsjónarmanns kosninganna. Frambjóðendurnir, Sigurður Ingvar Hannesson og Böðvar Ingi Guðbjartsson, héldu fyrst stutta kynningu og var síðan gengið til kosninga. Jafnara gat það varla verið því að lokum munaði aðeins 3 atkvæðum. Böðvar Ingi Guðbjartsson hlaut 20 atkvæði en Sigurður Ingvar Hannesson hlaut 23 atkvæði.**


*Röðin við „kjörklefann“.*


*Sigurður Ó. Sumarliðason umsjónarmaður kosninganna fylgdist grannt með skilum á kjörseðlum í kjörkassann.*


*Sigurður Ingvar (t.v.) og Böðvar Ingi að loknu formannskjöri.*


*Sigurður Ó. Sumarliðason les upp nöfn frambjóðenda af kjörseðlunum úr kjörkassanum.*


*Guðmundur Páll Ólafsson, form. FP fór yfir starf stjórnar á síðasta starfsári.*


*Trausti Guðjónsson, gjaldkeri, fór meðal annars yfir reikninga félagsins.*


*Sigurður Ó. Sumarliðason stjórnaði fundinum og formannskosningunni af alkunnri röggsemi.*


*Skarphéðinn Skarphéðinsson, fyrrum formaður FP fór yfir mál varðandi Sumarhús FP á Spáni og einnig tilurð námsskrár í pípulagnakennslu.*






| | | | |
|---|---|---|---|
| JMH pípulagnir ehf.<br>Maltakur 3A - 210 Garðabær<br>GSM. 898 0851 - nonnipip@hotmail.com | Press Lagnir ehf<br>Presslagnir ehf.<br>Funafold 29 - 112 Reykjavík<br>GSM 898 5112 - presslagnir@simnet.is | PÍPULAGNIR<br>Fagmennska – Færni - Frumkvæði | FLÆÐI Pípulagnir ehf.<br>MAGNÚS Á. MAGNÚSSON<br>PÍPULAGNINGAMEISTARI |
| PÍPULAGNIR<br>SAMÚELS & KÁRA EHF | Sb pípulagnir ehf.<br>Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585<br>Sigurdur.pipari@gmail.com | STOFNLAGNIR<br>PÍPULAGNAÞJÓNUSTA<br>Stofnlagnir ehf. - Viðarrima 19 - 112 Reykjavík<br>GSM. 660 0499 - WC@islandia.is | lagn<br>Hjörleifur Björnsson, l<br>Birkimel 6b – 1<br>GSM 85 |
| Borgarlagnir ehf.<br>Hlaðhamrar 15 - 112 Reykjavík<br>GSM. 892 7558 - borgarlagnir@simnet.is<br>Borgarlagnir ehf | MIÐSTÖÐIN<br>Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.<br>Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar<br>Sími 481 1475<br>midstodin@midstodin.is | SB pípulagnaþjónusta skipaþjónusta<br>Pípulagnir ehf<br>Ósabakki 13 109 Reykjavík GSM 898 1870<br>netfang stefanbr@simnet.is | B.Markan ehf<br>Böðvar Markan<br>660 6690 • 544 8611<br>lagnir@bmarkan.is<br>Allt til pípulagna<br>Löggiltur pípulagningame<br>www.bmarkan.is |
| Benni pípari ehf<br>Pípulagningaverktaki<br>Bolafæti 9 – 260 Reykjanesbæ<br>GSM 842 6000<br>bennipip@simnet.is | RENNSLI ehf.<br>pípulagnir • sími 696 8054<br>Akralind 1 - 201 Kópavogur<br>GSM: 696 8054 - rennsli@simnet.is | RÖRLEGGJARINN ehf.<br>Garðhúsum 55 - 112 Reykjavík<br>GSM 820 9396 - rorleggjarinn@gmail.com | Króm o<br>Króm og Hvítt ehf. - Á<br>Sími 478 2099 -<br>kromoghvitt@ |
| GG LAGNIR ehf<br>PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA<br>stofnað 1988<br>Dugguvogi 1b - 104 Reykjavík - Sími 517 8870<br>www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is | TL TOPPLAGNIR<br>Topplagnir ehf. - Gvendargeisli 68 - 113 Reykjavík<br>GSM.698 8412 - topplagnir@internet.is | Bragi Benediktsson ehf.<br>pípulagnir<br>Akurhvarf 6 - 203 Kópavogur<br>GSM 660 3863 - bbpipur@gmail.com | HS pípulagnir<br>HS<br>Sm<br>200<br>GS<br>hsp |
| Álfkonuhvarfi 23<br>203 Kópavogi<br>GSM 899 6862<br>vatnsvirkjar@gmail.com<br>VATNSVIRKJAR ehf<br>LÖGGILTIR PÍPULAGNINGAVERKTAKAR | Tröllalagnir ehf.<br>Jón Auðunn Sigurjónsson<br>pípulagningameistari<br>Auðnukór 3 – 203 Kópavogur<br>GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is | AH pípulagnir ehf.<br>Suðurhrauni 12c - 210 Garðabæ<br>Sími 555 7012 - GSM. 822 7100<br>andres@pipulagnir.is<br>AH PÍPULAGNIR | HÚSA LAGNIR<br>PÍPULAGNAÞJÓNUSTA |
| NESLAGNIR ehf<br>Pípulagnaþjónusta<br>Bergási 12 – 260 Reykjanesbæ<br>GSM: 698 6309 – neslagnir@internet.is | HSH VERKTAKAR ehf.<br>Sunnuhlíð 12 – 603 Akureyri<br>GSM: 896 3257 – hallihelga@simnet.is | Öll alhliða pípulagningarþjónusta<br>Fagmennska í fyrirrúmi<br>SHV<br>PÍPULAGNIR<br>SHV Pípulagnir ehf.<br>Funafold 54 - 112 Reykjavík<br>Sími: 587 8715<br>GSM: 821 1040<br>shv.pipulagnir@internet.is | LAGNAV<br>Strandgata 73b –<br>GSM 896 2017 |

WILLBRANDT GUMMITEKNIK

**WILLBRANDT ÞENSLUTENGI** – *Eigum mikið af standard tengjum á lager. Einnig er hægt að panta sérsmíðuð tengi. Öll tengi hjá okkur eru vottuð.*

GERUM TILBOÐ Í STÆRRI PANTANIR



MD VÉLAR

VAGNHÖFÐA 12, REYKJAVÍK | S. 567 2800 | mdvelar@mdvelar.is | mdvelar.is




HVAMMSHÓLAR

Sigurður V. Halldórsson, pípulagningameistari, sí

NÁTTÚRULEGA VÆNT FYRIRTÆKI

Flæði pípulaginir ehf.
Svæði - 620 Dalvík
466 1401 / 898 5524
maggisvaedi@simnet.is

Meistaralagnir ehf
Pípulagnir S: 893 9110
Bæjarflöt 8a – 112 Reykjavík
GSM: 893 9110 – lisamaria@btnet.is

Pípulagnir
Elvars G Kristinssonar ehf.
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
GSM. 892 9421 - ellipip@simnet.is

H P Lagnir ehf
Alhliða pípulagningaþjónusta
Hilmir 820-3722 / Páll 699-4067
hppipulagnir@gmail.com
LÖGGILTUR PÍPULAGNINGA-MEISTARI

gafl
öggiltur pípulagningameistari
07 Reykjavík
6 5525

SNITTVÉLIN ehf.
Brekkutröð 3 - 220 Hafnarfirði
GSM 892 3639 - snittvelin@simnet.is

S.Ó.S. lagnir ehf.
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík
GSM 693 9000
sos@soslagnir.is
S.O.S lagnir ehf.

Vatn ehf.
Eyjólfur Valsson, pípulagningameistari
Skólagerði 40 – 200 Kópavogur
GSM: 898 4611 – eyjolfur3@simnet.is

: Pípulagnir
istari

g hvítt
laleyru 7 - 780 Höfn
GSM. 861 0291
@simnet.is

S pípulagnir ehf.
iðjuvegur 4
0 Kópavogi
M 894 0088
pip@hive.is

Húsalagnir ehf.
Pípulagningaþjónusta
Gylfaflöt 20 -
112 Reykjavík
GSM 893 3632
husalagnir@simnet.is

VIRKI EHF.
220 Hafnarfjörður
– villipipari@simnet.is

GRAF
mi 660 4085

vatnsidnadur.net
– GAGNAGRUNNUR – ÞEKKING – SAGA –
Kíkið í heimsókn og látið koma ykkur á óvart!
Snæbjörn R. Rafnsson
Hraunprýði 12
210 Garðabæ
GSM: 660 6201

FLIR
PÍPARAR
MEÐ FLIR HITAMYNDAVÉL FLÝTIR ÞÚ FYRIR OG AUÐVELDAR TIL MUNA LEITINA AÐ BILUNINNI
35 ÁR Í FORYSTU
/ ISMARICELAND - WWW.ISMAR.IS
SÍÐUMÚLA 28 108 REYKJAVÍK SÍMI 5105100
ÍSMAR
VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ BESTA

RADSON
áreiðanlegur hitagjafi
CLEVER LÁGHITA MIÐSTÖÐVAROFNAR
10 YEAR QUALITY GUARANTEE
10 ára ábyrgð
Mest seldu ofnar á Norðurlöndum
Gæði fara aldrei úr tísku
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Dragháls 14 -16
110 Reykjavík
Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01
www.isleifur.is

Leigjum og seljum allar gerðir suðuvéla
Einnig mikið úrval af suðuvélum fyrir PE & PPR
O.S.N. ehf
Iðavöllum 7b – 230 Keflavík – Sími 4 200 300
Ritmo PLASTIC WELDING TECHNOLOGY

Ný kynslóð varmaskipta fyrir upphitun og kælingu frá Danfoss
Veldu hagkvæmustu lausnina, varmaskipta með nýju MICRO PLATE™ plötunum sem gefa 10% betri hitaleiðni en aðrar plötur. Við bjóðum upp á fjölda lausna, til upphitunar, fyrir heitt neysluvatn og til kælinga. Varmaskiptarnir eru fáanlegir í tveimur grunngerðum. Soðnir og boltaðir og í mismunandi stærðum fyrir hagkvæmustu lausnina fyrir þínar þarfir.
Við erum eini framleiðandinn í heiminum sem framleiðir tengigrindur og varmaskipta ásamt sjálfvirkum stjórnbúnaði fyrir hitakerfi.
ENGINEERING TOMORROW
Danfoss

# Neytendavernd, lög um þjónustukaup og markaðssetning pípulagningastarfsemi

– *Framhald greinar af forsíðu*

## Fagþekking og leiðbeiningarskylda

Farið var yfir að útseld þjónusta skuli ávallt byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti. Pípulagningameistarar bera leiðbeiningarskyldu gagnvart kúnnanum um hvort fyrirhuguð kaup á verki eru óhagkvæm og ef verð breytist mikið frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir í samningi. Hafi ekki verið samið um verð fyrirfram getur sú staða komið upp að neytandinn þurfi ekki að greiða nema það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er. Neytendur hafa ýmis vanefndaúrræði þegar þjónusta telst gölluð í skilningi laganna svo sem eins og úrbætur á kostnað seljanda, afslátt, skaðabætur, riftun, o.s.frv. Ef ágreiningur er um verk pípulagningameistara geta neytendur ýmist leitað til lögmanns og höfðað dómsmál eða leitað til kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa sem gefur lögfræðiálit um ágreininginn. Daði brýndi fyrir félagsmönnum að ef menn ættu að tileinka sér eitthvað eitt þá er það að hafa gott upplýsingaflæði og samráð við kúnnann um framgang verks og verðið. Slíkt komi í veg fyrir mikið af ágreiningi vegna viðskipta af þessum toga. Þá benti Daði á að víða á Norðurlöndunum eru notuð stöðluð samningsform sem eru samin af fagfélögum og samtökum neytenda til afnota fyrir neytendur og félagsmenn. Slík skapalón að samningum koma í veg fyrir ágreining og styrki stöðu bæði iðnaðarmanna og neytenda.

## Markaðssetning og góðir viðskiptahættir

Þá var farið yfir markaðssetningu á pípulagningarþjónustu. Um markaðssetningu almennt gilda lög um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 sem Neytendastofa hefur eftirlit með. Viðskiptahættir geta talist villandi ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar um meðal annars réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans. Í framkvæmd hefur Neytendastofa því bannað fyrirtækjum að kenna sig við löggilta iðngrein samkvæmt iðnaðarlögum nr. 42/1978 þegar enginn faglærður er starfandi hjá fyrirtækinu. Keppinautar og fagfélög geta leitað til Neytendastofu ef markaðssetning er villandi.
Í gegnum fyrirlesturinn komu margar áhugaverðar spurningar úr sal og ljóst að félagsmönnum er neytendavernd og markaðssetning hugleikin.




*Að ofan t.v. er Guðmundur Páll Ólafsson formaður félagsins að bjóða félagana velkomna til fundar. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum var létt yfir mönnum enda kærkomið hlé frá amstri hversdagsins.*

















# GROHE Danmörku og Lagnadeild BYKO færa Pípudeild Tækniskólans góðar gjafir

Vorið 2017 komu menn frá Grohe í Damörku til að skoða Tækniskólann. Í heimsókninni hittu þeir kennara pípulagnadeildar Tækniskólans til að ræða um kennslubúnað. Í framhaldinu var ákveðið að hittast haustið 2017 til viðræðna. Í febrúar 2018 komu svo menn frá Grohe og settu upp kennslubúnað og fóru vel yfir tæknina með kennurum pípulagnadeildar. Grohe hefur stöðugt þróað sinn búnað og vöruúrval og sá tækifæri í því að styrkja skólann með vörum frá Grohe til að verðandi pípulagnamenn gætu lært á þessar nýjungar. Grohe vörunar eru orðnar mjög tæknivæddar til að auka þægindi fólks. Vörur eins og Grohe red og Grohe blue voru meðal þeirra gjafa sem fylgdu með. Grohe red er með hitakút sem tengdur er við blöndunartæki í eldhúsvaskinn. Þar er hægt að fá 100°C heitt vatn úr krananum. Kraninn er með góðri barnalæsingu og ekki lengur þörf á að sjóða vatn. Með Grohe blue kemur vatnið ískalt úr krananum og hægt er að fá sodavatn úr sama krana. Þá eru miklar nýjungar í sturtutækjum frá Grohe sem bjóða upp á mikla möguleika. Upphengd klósett með infrared þráðlausum búnaði, infrared blöndunartæki, upphengt klósett sem er með smúl og blæstri eftir notkun; þarf ekki að nota pappír, eru meðal gjafa frá Grohe. Einnig gáfu þeir búnaðinn Grohe sensor sem tengdur er við vatnsinntökin ásamt því að vera með skynjara í herbergjum sem nema vatn, raka og hitastig. Grohe sensor lokar fyrir vatnsinntökin ef þrýstifall verður í kerfinu eða skynjari skynjar vatn á gólfi. Grohe sensor er síðan tengt við snjallsímann og notast er við appið Grohe ondus.

Grohe og Lagnadeild Byko, sem er þjónustuaðili Grohe á Íslandi, fá bestu þakkir fyrir raunsarlegar gjafirnar sem munu nýtast vel til kennsluna í pípulagnadeildinni.

*Böðvar Ingi Guðbjartsson, kennari.*



*Myndin Að ofan f.v.: Ágúst Berg Arnarsson, lagnaverslun Byko Breidd. Martin Kreutzfeldt, Key account manager DIY Denmark. Böðvar Ingi Guðbjartsson, kennari. Gunnar Ásgeir Sigurjónsson, kennari. Torben Kjærgaard, Marketing Manager Denmark Country Manager Iceland.*






## Leigumarkaður BYKO flytur í Breiddinni – Steypumót og vinnupallar nú á Þórðarhöfðanum í Reykjavík




Leigumarkaður BYKO hefur flutt sig um set í Breiddinni og komið sér vel fyrir við norðurenda Plötuhússins. Sem fyrr er boðið upp á fjölbreytt úrval tækja og búnaðar til leigu í skemmri og lengri tíma fyrir fagmenn byggingariðnaðarins.
Vinnupalla- og steypumótaleiga Leigumarkaðar BYKO, sem áður var staðsett í Vöruhúsi BYKO í Kjalarvoginum, hefur einnig verið flutt og hefur nú komið sér vel fyrir á Þórðarhöfða 4 (sjá meðfylgjandi mynd af staðsetningu), þar sem öll aðstaða er betri og aðgengilegri. Á Þórðarhöfðanum er hægt að leigja vinnupalla og steypumót til lengri og skemmri tíma. Eins og áður er einnig hægt kaupa bæði vinnupalla og steypumót hjá Leigumarkaði BYKO.




HÚSASMIÐJAN
FAGMANNAVERSLUN
...MEIRA FYRIR FAGMENN!

# Ný fagmannaverslun og timbursala

Sérverslun fagmannsins – Allt á einum stað í Kjalarvogi



Fagmannaverslun og timbursala Kjalarvogi 12 - 14 / sími: 525 3400 / www.husa.is




Stafir lífeyrissjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn sameinast í einn öflugasta lífeyrissjóð landsins.

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík
480 7000 | birta.is

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

# Lagnavörur í úrvali

AVK +GF+ SIMONA
NAVAL OY wavin

set
Set ehf • Röraverksmiðja • Selfossi
Sími: 480 2700 • www.set.is • set@set.is

# STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla

Það er yðar hagur að skipta við fagmenn!

STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is

STOÐ
PALLALEIGA



# Símenntun í iðnaði

Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF
TÖLVUNÁMSKEIÐ
TÖLVUSTUDD HÖNNUN
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ
HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
BÍLGREINASVIÐ
MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ
PRENTTÆKNISVIÐ

IÐAN
fræðslusetur
www.idan.is